

1 P

Umhverfisstofnun
Áb. _____
11. mars 2016
Tilv. _____

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. mars 2016
UST201602-180/S.F.
04.03

Efni: Þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun gegn súrnun sjávar á norðurlóðum - 160. mál


Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 16. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurlóðum. Samkvæmt tillögunni er lagt til að skipaður verði starfshópur til að vinna aðgerðaáætlun um viðbrögð við súrnun sjávar á norðurlóðum. Hlutverk starfshópsins væri að rannsaka hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á lífríki hafsins í kringum Ísland og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að sporna við þeim.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að íslensk stjórnvöld efli rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki hafsins umhverfis Ísland. Í því sambandi bendir stofnunin á að ekki er ljóst hvernig lífríki í hafinu við Ísland muni bregðast við súrnun sjávar og hvernig það getur haft áhrif á þjóðhagslega afkomu eins og komið er inn á í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Vegna þessa er það mat stofnunarinnar að brýnt sé að auka rannsóknir í hafinu kringum Ísland og gera rannsóknaráætlun þar að lútandi. Að mati Umhverfisstofnunar væri eðlilegt að fela Hafrannsóknastofnun slíkar rannsóknir enda væri það í samræmi við hlutverk stofnunarinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 112/2015 um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Samkvæmt 2. tl. 5. gr. laganna er hlutverk Hafrannsóknastofnunar meðal annars að að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika ferskvatns og sjávar umhverfis Ísland með tilliti til áhrifa á lífríkið.

Eins og vísað er til í greinargerð með framangreindri þingsályktunartillögu er aðal orsökinn fyrir súrnun sjávar aukinn koltvísýringur í andrúmslofti af manna völdum. Ein helsta mótvægisáðgerðin til að sporna við súrnun hafsins að mati vísindamanna er því að draga úr losun koltvísýrings (sjá til dæmis AMAP Assessment 2013: Arctic Ocean Acidification). Aðrar áðgerðir, s.s. niðurdæling og binding koltvísýrings og binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt, eru ekki taldar nægjanlegar til að vinna gegn súrnun sjávar.

Virðingarfyllst,


Sigrún Friðriksdóttir
serfræðingur


Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri